

Reglugjörð

18
18. febr.

um breyting á hafnarreglugjörð fyrir Hafnarfjarðarkaupstað 17. maí 1916.

Stjórnarráð Íslands hefir 13. febrúar 1919 gefið út, samkvæmt lögum nr. 76, 14. nóv. 1917, svofelda reglugjörð um breyting á hafnarreglugjörð fyrir Hafnarfjarðarkaupstað 17. maí 1916.

I. Hafnargjald.

Töluliður 2, fyrri málsgrein, falli burtu. — Önnur málsgrein þessa liðs auðkennist 2. —

Töluliður 1 sje óbreyttur. — Í stað »3 aurar af hverri smálest« í a. undir töluliði 1, komi 10 aurar af hverri smálest, og í stað »5 aurar af hverri smálest í b. fyrri málsgrein, komi 10 aurar af hverri smálest. — Í stað, »2 aurar af hverri smálest« í annari málsgrein b, komi 12 aurar af hverri smálest.

II. Aukagjöld.

1. Óbreytt nema í stað »legugjald 20 aura« komi legugjald 60 aura. —
2. Óbreytt.

III. Undanþágur frá hafnargjaldi.

Óbreytt.

IV. Vitagjald.

Öll skip, er til hafnarinnar koma á tímabilinu frá 1. ágúst til 15. maí og hafnargjald greiða, skulu greiða vitagjald, 2 krónur, í hvert sinn, er þau hafna sig.

IV. Notkun hafnarinnar.

Óbreytt. — Verður V.

V. Um seglfestu o. fl.

Óbreytt. — Verður VI.

VI. Bryggjugjald.

A. Skipagjald.

Verður VII. —

1. Óbreytt. — 1. a. í stað »3 aura af hverri smálest«, komi 10 aura af hverri smálest. — 1. b. Í stað »3 $\frac{1}{2}$ eyrir fyrir hverja smálest« komi 7 aurar fyrir hverja smálest, og í stað »1 eyrir fyrir hvern dag«, komi 15 aurar fyrir hvern dag o. s. frv.
1. c. Í stað »8 krónur í hvert sinn«, komi 10 krónur í hvert sinn, og í stað »2 krónur fyrir hvern dag«, komi 12 krónur fyrir hvern dag. —

- 18** 1. d. Í stað »skal greiða 6 krónur« komi, skal greiða 8 krónur, og í stað »2 krónur fyrir
13. febr. hvern dag«, komi 10 krónur fyrir hvern dag.
1. e. Í stað »1 króna í hvert sian«, komi 5 krónur í hvert sinn.

B. Vörugjald.

- a. Í stað »40 aura af smálest«, komi 80 aura af smálest.
b. Í stað »60 aura af hverjum 100 teningsfetum«, komi 1 króna af hverjum 100 teningsfetum.
c. Í stað »75 aura af smálest«, komi kr. 1.50 af hverri smálest. —
d. Í stað »25 aura af smálest«, komi 75 aura af smálest, og í stað »40 aura«, komi 1 kr., og í stað »65 aura af smálest hverri«, komi kr. 1.50 af smálest hverri.
Í stað »þó skal lægsta gjald aldrei vera minna en 12 aurar«, komi, þó skal lægsta gjald aldrei vera minna en 35 aurar.

VII. Almenn ákvæði.

Óbreytt. — Verður VIII.

Reglugjörð þessi öðlast þegar gildi.

Í stjórnarráði Íslands, 13. febrúar 1919.

Sigurður Jónsson.

Oddur Hermannsson.

19
10. mars

Samþykkt

um lokunartíma sölubúða í Akureyrarkaupstað.

1. gr.

Allar sölubúðir kaupmanna í Akureyrarkaupstað, að undanskildum þeim sölubúðum sem eingöngu versla með brauð og mjólk, skulu vera lokaðar eftir því, sem ákveðið er í 2. og 4. grein.

2. gr.

Sölubúðir skulu ekki opnaðar fyrir en kl. 9 árdegis, og á tímabilinu frá 20. júlí til 20. september, að báðum dögum meðtöldum, má ekki opna þær á mánudögum fyrir en kl. 12 á hádegl. —